

**Héraðsdómstólar**  
06 210

**Ársreikningur 2024**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	3
Efnahagsreikningur .....	4
Sjóðstreymisyfirlit .....	5
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	6
Skýringar .....	7

**Héraðsdómstólar**

**Umsjón dómstólasýslan**

**Suðurlandsbraut 14, 108 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Héraðsdómstólarnir eru átta samtals og starfa hver á sínu landsvæði. Meginhlutverk héraðsdómstólanna er að tryggja að allir njóti réttlátrar og sanngjarnar málsmeðferðar fyrir sjálfstæðum dómstóli.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 02 og málaflokk 20 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2024 var ársveltan kr. 2.366,2 milljónir og afkoma kr. -48,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -111,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 106,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2024 byggir á heimildum í fjárlögum og fjárukalögum fyrir árið 2024. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 6.

Eftir dóm Hæstaréttar 22. desember 2023 í máli nr. 39/2023 kom til greiðslu vegna leiðréttingar launa dómara. Leiðrétting vegna vangoldinna launa árána 2022 og 2023 kom til hækkunar launa og launatengdra gjalda ársins 2023 og nam hún samkvæmt útreikningi Fjársýslu ríkisins samtals kr. 114,0 milljónum.

Uppbætur að fjárhæð kr. 114,0 millj. kr. vegna leiðréttingarinnar komu til tekna á árinu 2024. Engar uppbætur komu á árinu 2024 vegna áhrifa leiðréttingarinnar á launakostnað 2024. Dómstólasýslan vakti athygli á þessu á árinu 2024.

Samkvæmt 31. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla hefur dómstjóri með höndum stjórn héraðsdómstóls og ber ábyrgð á starfsemi hans. Hann fer á eigin ábyrgð með fé sem dómstólasýslan leggur dómstólnum í hendur.

Það er álit okkar að ársreikningur 2024 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar staðfesta hér með ársreikning héraðsdómstóla fyrir árið 2024 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurður Tómas Magnússon,  
stjórnarformaður dómstólasýslunnar

Kristín Haraldsdóttir,  
framkvæmdastjóri dómstólasýslunnar

## Yfirlit um afkomu ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	2.351.000.000	2.132.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>15.204.519</u>	<u>13.139.526</u>
<b>Tekjur samtals</b>		2.366.204.519	2.145.239.526
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	2.049.634.028	1.965.587.580
Annar rekstrarkostnaður .....	4	348.658.635	335.711.797
Afskriftir og niðurfærslur .....	5	<u>15.204.519</u>	<u>13.139.526</u>
<b>Gjöld samtals</b>		2.413.497.182	2.314.438.903
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		(47.292.663)	(169.199.377)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(822.683)</u>	<u>(10.191)</u>
		(822.683)	(10.191)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(48.115.346)</u></u>	<u><u>(169.209.568)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr	31.12.2024	31.12.2023
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	6	18.139.460	13.812.479
Tengdir aðilar .....	7	19.801.068	61.270.791
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		0	84.670
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	68.083.260	63.660.868
<b>Eignir samtals</b>		<u>106.023.788</u>	<u>138.828.808</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	2.514.025	3.271.346
Viðskiptaskuldir .....		14.471.210	14.074.693
Ýmsar skammtímaskuldir .....	9	131.372.928	119.097.279
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	10	69.550.842	66.155.361
<b>Skuldir samtals</b>		<u>217.909.005</u>	<u>202.598.679</u>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		(111.885.217)	(63.769.871)
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	11	(111.885.217)	(63.769.871)
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>(111.885.217)</u>	<u>(63.769.871)</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>106.023.788</u>	<u>138.828.808</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr	2024	2023
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(48.115.346)	(169.209.568)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	5	15.204.519	13.139.526
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(15.204.519)	(13.139.526)
		<u>(48.115.346)</u>	<u>(169.209.568)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		84.670	(84.670)
Tengdir aðilar .....		39.685.491	151.256.373
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		<u>12.672.166</u>	<u>(11.824.608)</u>
		52.442.327	139.347.095
		<u>4.326.981</u>	<u>(29.862.473)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	<u>(19.626.911)</u>	<u>(18.732.462)</u>
		(19.626.911)	(18.732.462)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		1.026.911	1.632.462
Fjárfestingarframlag .....		<u>18.600.000</u>	<u>17.100.000</u>
		19.626.911	18.732.462
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		4.326.981	(29.862.473)
		<u>13.812.479</u>	<u>43.674.952</u>
		<u>18.139.460</u>	<u>13.812.479</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2024 .....	2.155.100.000	18.600.000	2.173.700.000
Fjáraukalög .....	0	0	0
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>2.155.100.000</b>	<b>18.600.000</b>	<b>2.173.700.000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....			
Launabætur .....	165.900.000	0	165.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	30.000.000	0	30.000.000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>2.351.000.000</b>	<b>18.600.000</b>	<b>2.369.600.000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2023, (umframráðstafað) .....	(63.769.871)	2.494.493	(61.275.378)
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>2.287.230.129</b>	<b>21.094.493</b>	<b>2.308.324.622</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(2.399.115.346)	(19.626.911)	(2.418.742.257)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2024 .....</b>	<b>(111.885.217)</b>	<b>1.467.582</b>	<b>(110.417.635)</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlaun reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlaun tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggir atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluverði og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.



## Skýringar

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsagjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsagjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2024	2023
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	2.351.000.000	2.132.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	15.204.519	13.139.526
	<u>2.366.204.519</u>	<u>2.145.239.526</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	2.155.100.000	0	0	2.155.100.000
Launabætur .....	165.900.000	0	0	165.900.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	30.000.000	0	0	30.000.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>2.351.000.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2.351.000.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .	(2.399.115.346)	0	0	(2.399.115.346)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(48.115.346)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(48.115.346)</b>

	2024	2023
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	1.651.814.568	1.589.008.032
Orlof, breyting .....	9.346.273	5.290.581
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar .....	2.056.980	0
Launatengd gjöld .....	377.439.152	361.807.834
Starfsmannakostnaður .....	8.977.055	9.481.133
	<u>2.049.634.028</u>	<u>1.965.587.580</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	90,9	89,6

### 4 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	3.066.901	3.470.814
Tæki og búnaður til innréttinga .....	0	25.048
Ýmis tæki og áhöld .....	2.039.750	1.767.308
Orkugjafar .....	9.516.806	8.590.060
Matvæli .....	22.285.191	20.034.924
Almennar rekstrarvörur .....	2.932.106	3.413.661
Vörukaup, almenn	<u>39.840.754</u>	<u>37.301.815</u>
Kennslu- og fönurvörur .....	0	4.170
Ýmsar sérgreindar vörur .....	497.880	492.900
Vörukaup, sérgreind	<u>497.880</u>	<u>497.070</u>
Fundir, námskeið, risna .....	1.940.584	1.168.372
Ferðir, upphald .....	4.178.557	2.623.472
Akstur .....	3.246.668	2.688.461
Sérfræðipjónusta .....	19.604.529	21.283.509
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	169.184	155.783
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	632.856	1.374.863
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	6.452.563	13.969.349
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	<u>36.224.941</u>	<u>43.263.809</u>

## Skýringar

	2024	2023
<b>4 Annar rekstrarkostnaður, (frh.)</b>		
Afnotagjöld .....	20.365.695	17.213.154
Leigugjöld .....	213.820.528	203.447.075
Notkun véla og flutningatækja .....	1.009.484	181.768
Verkkaup .....	31.811.984	29.933.936
Kostnaðarhlutdeild .....	4.949.395	3.354.736
Opinber gjöld .....	22.974	135.406
Tilfærslur .....	115.000	383.028
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	272.095.060	254.649.103
Annar rekstrarkostnaður samtals	348.658.635	335.711.797
<b>5 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	15.032.701	13.099.810
Aðrar eignir .....	93.225	10.218
Sölutap og úreltar eignir .....	78.593	29.498
	15.204.519	13.139.526
	<b>31.12.2024</b>	<b>31.12.2023</b>
<b>6 Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	77.635	75.716
Tékkareikningar .....	16.295.634	13.488.571
Sparisjóðsreikningar .....	1.766.191	248.192
	18.139.460	13.812.479
Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 74,6 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.		
	<b>31.12.2024</b>	<b>31.12.2023</b>
<b>7 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	19.801.068	31.924.966
Aðrir ríkisaðilar .....	0	29.345.825
	19.801.068	61.270.791
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	2.514.025	3.271.346
	2.514.025	3.271.346

## Skýringar

	31.12.2024	31.12.2023
<b>8 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	66.343.689	63.642.178
Aðrar eignir .....	1.739.571	18.690
	68.083.260	63.660.868

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2024:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2024 .....	153.585.447	1.484.329	155.069.776
Viðbætur á árinu .....	17.812.805	1.814.106	19.626.911
Selt/úrelt á árinu .....	(1.151.629)	0	(1.151.629)
	170.246.623	3.298.435	173.545.058
Afskriftir 01.01.2024 .....	89.943.269	1.465.639	91.408.908
Afskrift ársins .....	15.032.701	93.225	15.125.926
Selt/úrelt á árinu .....	(1.073.036)		(1.073.036)
	103.902.934	1.558.864	105.461.798
Staða 31.12.2024 .....	66.343.689	1.739.571	68.083.260

	31.12.2024	31.12.2023
<b>9 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	128.443.552	119.097.279
Önnur ógreidd gjöld .....	2.929.376	0
	131.372.928	119.097.279

### 10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2024	31.12.2023
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	68.083.260	63.660.868
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	1.467.582	2.494.493
	69.550.842	66.155.361

  

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2024 .....	63.660.868	2.494.493	66.155.361
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	18.600.000	18.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	19.626.911	(19.626.911)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(15.204.519)	0	(15.204.519)
	68.083.260	1.467.582	69.550.842

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2024 munu kr. 14,4 milljónir koma til tekna á árinu 2025.

## Skýringar

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2024	31.12.2023
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	(63.769.871)	105.439.697
Afkoma ársins .....	(48.115.346)	(169.209.568)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>(111.885.217)</u>	<u>(63.769.871)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 12 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Héraðsdómur Norðurlands vestra hefur gert ótímabundinn skuldbindandi samning vegna húsaleigu, áætluð árleg greiðsla vegna hans nemur kr. 4,7 milljónum.

Héraðsdómur Norðurlands eystra hefur gert skuldbindandi húsaleigusamning og rekstrarsamning, áætlaðar árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 14,1 milljónum og vegna rekstrarsamnings 2,4 milljónum.

Héraðsdómur Reykjaness hefur gert húsaleigusamning til ársins 2026 og ýmsa þjónustu- og rekstrarsamninga, áætlaðar árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 47,9 milljónum og vegna þjónustu- og rekstrarsamninga kr. 10,6 milljónum.

Héraðsdómur Vestfjarða hefur gert húsaleigusamning, áætlaðar árlegar greiðslur vegna hans nema kr. 9,8 milljónum.

Héraðsdómur Vesturlands hefur gert ótímabundinn húsaleigusamning, áætluð árleg greiðsla vegna hans nemur kr. 6,8 milljónum.

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur gert ótímabundinn húsaleigusamning við Ríkiseignir, áætluð árleg greiðsla vegna hans nemur kr. 97,4 milljónum. Einnig hefur Héraðdómur Reykjavíkur gert nokkra rekstar- og þjónustusamninga, áætlaðar árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 29,4 milljónum.

Héraðsdómur Suðurlands hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsaleigu og vegna ýmsa rekstrar- og þjónustusamninga. Árlegar áætlaðar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 12,5 milljónum og vegna annarra samninga kr. 4,2 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum í árslok 2024.

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.